

Bls. 318-326 í *Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar* (Reykjavík 2002), eftir Gísli Sigurðsson

GOÐSAGNAMYNSTUR Í HÆNSNA-ÞÓRIS SÖGU

Hænsna-Þóris saga hefur verið rannsökuð út frá flestum viðhorfum sem ríkt hafa innan íslenskra fræða frá því á 19. öld þegar fræðimenn glímdu við þann vanda að ákvarða heimildagildi fornsagna. Í þeirri umræðu var *Hænsna-Þóris saga* í brennidepli því að hluti af efni hennar er kunnur úr *Íslendingabók* Ara fróða, samkvæmt frásögn Úlfhéðins Gunnarssonar sem var lögsögumaður á árunum 1108ó1116.

‘Ósamræmi’ milli Íslendingabókar og Hænsna-Þóris sögu

Í 5. kafla *Íslendingabókar* segir af deilum höfðingjanna Þórðar gellis úr Dölum og Tungu-Odds í Borgarfirði, sem risu af brennuför Hænsna-Þóris gegn Þorkatli Blund-Ketilssyni. Sonur Tungu-Odds var með í þeirri för og Hersteinn Þorkelsson Blund-Ketilssonar var áður kvæntur frænku Þórðar. Þórður og Tungu-Oddur berjast tvisvar, fyrst á héraðsþingi á Þingnesi í Borgarfirði, þar sem Þórólfur refur úr liði Þórðar fellur, og síðan á alþingi þar sem Tungu-Oddur missir menn. Hænsna-Þórir er dæmdur sekur šok drepinn síðan ok fleiri þeir <es> at brennunní váru.ó (12) Þessar deilur leiða í ljós brotalöm í réttarskipun landsins og í kjölfar þeirra er landinu skipt í fjórðunga árið 965 og fjórðungsþingum komið á með þremur þingum í hverjum fjórðungi nema Norðlendingafjórðungi þar sem þurfti að hafa fjögur þing vegna ósættis Norðlendinga sem vildu hafa þing í Húnavatnssýslu, Skagafirði, Eyjafirði og Þingeyjarsýslu.

Frásögn Ara ber ekki saman við Hænsna-Þóris sögu um þrjú atriði:

1. Blund-Ketill er brenndur inni í sögunni en ekki sonur hans.
2. Í sögunni beitir Hersteinn Blund-Ketilsson brögðum strax *eftir* brennuna til að mægjast við Þórð gelli og fá hann inn í málið og nýtur hann þar aðstoðar fóstura síns Þorbjarnar stíganda en mælt var að hann šværi eigi allur jafnan þar sem hann var sénnó (9:1426).
3. Frásögnunum ber ekki saman um tölu fallinna í bardögum höfðingjanna því að sagan segir að í fyrra sinnið hafi fjórir fallið úr liði Þórðar (þar á meðal Þórólfur refur) og einn af Oddi, og að sex menn hafi fallið af Oddi í bardaganum á alþingi.

Heimildagildi, rittengsl, hlutur ‘höfundar’ og þjóðfélagsrýni

Þýski lögspekingurinn, Íslandsvinurinn og þjóðsagnafræðingurinn Konrad Maurer (1871) kvað upp úr með það á 19. öld að *Íslendingabók* væri traustari heimild en *Hænsna-Þóris saga*. Síðan hafa fræðimenn af íslenska skólanum, svo sem Sigurður Nordal (1938) og Jónas Kristjánsson (1973; 1978:3256326), jafnan gert ráð fyrir því að höfundur *Hænsna-Þóris sögu* hafi spunnið upp og skrifað sögu sína út frá rýrum heimildum *Íslendingabókar*, glötuðum Landnámugerðum og kannski einhverjum ættartölum. Helsta viðfangsefni rannsókna af þessum meiði er að skýra af hverju höfundur *Hænsna-Þóris sögu* víkur frá *Íslendingabók* og síðan er greint hvernig tengslum við *Landnámu*, einkum *Sturlubók* og *Hauksbók*, hefur verið háttað.

Meginforsenda þessara rannsókna er að allar staðreyndir og orðalagslíkingar hljóti að berast með rituðu máli og að ekkert sé þekkt nema það hafi verið skrifað á skinn og hafi þá fljótlega breiðst út um allt land. Hér að framan hefur því verið lýst að þessar forsendur megi beinlínis telja rangar og mjög villandi í öllum rannsóknum á fornum bókmenntum. Líkindi sagna verða sjaldnast best skýrð með rittengslum og að ákveðinn höfundur hafi unnið efni upp úr annarri ritaðri sögu. Hyggilegra er að gera ráð fyrir að hvaðeina hafi getað borist og orðið til í munnlegri sagnahefð sem hafi haft úrslitapýðingu við ritunina.

Björn Sigfússon (1960ó63) hefur haldið því fram, í rannsóknaranda íslenska skólans, að í *Hænsna-Þóris sögu* séu færð rök fyrir réttmæti nýrrar lagagreinar úr *Jónsbók*, sem var lögtekin 1281, um rétt höfðingja til að deila út heyi manna í hörðu ári. Blund-Ketill nýtir sér einmitt þennan rétt og Hænsna-Þórir beitir fyrir sig lagakrókum til að þjófkenna hann ô með hörmulegum afleiðingum. Samkvæmt *Árna sögu biskups* (bls. 812ó813) olli þessi lagagrein nokkrum deilum og í bænaskrá til konungs var hún meðal þess sem landsmenn báðust undan. Greinin var þó ekki uppfinning konungs heldur tengdist hún alþjóðlegri bylgju í guðfræði 13. aldar um skyldur manna til samhjalpar. Ekki er vitað hvort íslenskir lærdómsmenn höfðu spurnir af þessum hugmyndum fyrr á öldinni en víst er að þær bárust til landsins með *Jónsbók* og því ályktaði Björn að sagan væri skrifuð skömmu fyrir 1281 þegar undirbúningur fyrir þessa lagagrein stóð hvað hæst.

Þess má geta að Hermann Pálsson (1975) hefur lagt áherslu á að *Hænsna-Þóris saga* sé verk höfundar sem vann úr rýrum ritheimildum til að setja saman kristilega dæmisögu utan um málsháttinn šoft hlýtur illt af illumó (1425), sem er lagður Arngrími goða í munn eftir fall Helga sonar

hans. Í ljósi munnlegu hefðarinnar er þó ástæðulaust að halda að hér hafi rithöfundur skáldað sögu út frá ritheimildum. Hitt er ekki ólíklegt að siðferðishugmyndir 13. aldar manna hafi mótað meðferð söguefnisins.

Þvert á rannsóknarhefð íslenska skólans komu síðan athuganir Theodore M. Andersson (1964:1046111; 1967:1116121; 1978:1526158) en hann dró mjög í efa fræðilegar forsendur athugana sem skýrðu líkindi sagna með rittengslum eins og fram kom í inngangi (bls. XX). Í sambandi við *Hænsna-Þóris sögu* sýndi Andersson fram á að ekkert væri því til fyrirstöðu (þvert gegn fullyrðingu Jónasar Kristjánssonar um að frásagnir sögunnar séu ekki slíklegar til að hafa gengið í munnmælum (1978:325)) og það væri raunar fremur líklegt að söguefnið hefði gengið í munnmælum. Má taka sem dæmi þau atriði sem ber á milli sögunnar og *Íslendingabókar* og áður voru rakin. Hér er um að ræða nafnabrengr, misræmi í röð atburða og tölulegum upplýsingum en slík atriði eru öll þess eðlis að þau skolast frekar til í munnlegri geymd en þegar rithöfundur sækir sér upplýsingar í ritaða heimild ô (sbr. bls. XX).¹

Hænsna-Þóris saga í samspili við munnlega hefð

Ofangreindar rannsóknir snerta ekki beint þá hugmynd sem hér verður viðruð um að taka upp þráðinn frá Andersson og lesa *Hænsna-Þóris sögu* sem afsprengi munnlegrar hefðar, ekki þó eins og Andersson til að finna heildarbyggingu hinnar dæmigerðu munnlegu sögu, heldur sem ritaða úrvinnslu á munnlegri sagnahefð. Má þar benda á athuganir Carol Clover (1982:1236124) sem hefur sýnt hvernig rittækni sögunnar birtist með hliðsjón af frásögn Ara fróða, til dæmis í því hvernig sagt er frá maklegum endalokum Hænsna-Þóris. Hjá Ara er þetta einföld rökrétt frásögn þar sem Hænsna-Þórir er drepinn í kjölfar dóms á alþingi. Sagan, á hinn bóginn, nýtir sér frásagnarbrögð ritlistarinnar. Hún er á tveimur plönnum, byggist á spennu og óvæntum atburðum og lætur tvennum

¹ Þá hafa fræðimenn á seinni árum reynt að finna skúrkinum Hænsna-Þóri einhverjar málsbætur með lagakrökum og nákvæmum lestri sögunnar. Af þeim má nefna Marina Meier Mundt (1973), Alan J. Berger (1976) sem hefur kannað lagalega stöðu persónanna, William Ian Miller (1986) sem hefur reynt að meta sheyránö Blund-Ketils í ljósi hugmynda um gagnkvæmar gjafir og skyldur og réttindi sem þær veita (sbr. líka Durrenberger o.fl. 1988; Miller 1990:936101 og Helgi Þorláksson 1992), og Walter Baumgartner (1987) en hann hefur farið í saumana á sögunni með mjög nákvæmum lestri sem tekur mið af félagslegri stöðu persóna og viðleitni Hænsna-Þóris til að afla sér mannvirðinga í samræmi við auð sinn. Baumgartner rýnir eingöngu í hinn ritaða texta og með nákvæmum aðferðum sínum skýrir hann mjög stöðu og fyrirætlanir Hænsna-Þóris.

sögum fara fram samtímis ô sem Clover telur eitt megininkenni ritaðra bókmennta: Á meðan höfðingjarnir gera út um sín mál á alþingi vegur Hersteinn Blund-Ketilsson Hænsna-Þóri heima í héraði, að vísu réttilega en þó án dóms og laga. Eins og komið verður að hér á eftir tengist þessi frásagnaraðferð einnig heildarhneigð sögunnar.

Með því að gera ráð fyrir að *Hænsna-Þóris saga* sé sprottin úr lifandi munnlegri hefð opnast nýjar leiðir við rannsókn og túlkun sögunnar. Í þessari hefð var allt hlið við hlið, sögur, kvæði og fróðleikur, og ekki síst: goðsögur. Ýmsir hafa orðið til að fjalla um tengsl goðsagna við ritaðar sögur, og má þar helsta nefna Magnus Olsen (1928), Anne Heinrichs (1970), John Lindow (1977), Joseph Harris (1976), Preben Meulengracht Sørensen (1986) og Harald Bessason (1977) sem hefur bent á það hvernig aðstæður úr goðsögum koma fram í Íslendingasögum og konungasögum til að leggja aukna áherslu á þá atburði sem sagt er frá. Þannig fái saga af mönnum sem dragi dóm af goðsögu aukið vægi og bjóði upp á hliðstæða túlkun og goðsagan. Þetta nefnir hann *mythological overlays* eða *goðsagnamynstur* í sögum. Á síðari árum hefur Margaret Clunies Ross spunnið mjög við þennan þráð og birt tvær bækur (1994; 1998) þar sem hún rannsakar sérstaklega hvernig goðsagnahefðin endurómar í frásagnarlistinni og ljær veraldlegri verkum sérstaka merkingu.

Sé *Hænsna-Þóris saga* lesin með þetta viðhorf í huga koma fram athyglisverð líkindi við goðsagnir og um leið er hægt að horfa framhjá þeim vandamálum sem hafa drepjið aðalatriðum sögunnar á dreif, svo sem mati á sannfræði hennar við hlið *Íslendingabókar*, hugmyndum um aldur með tilliti til lagasetningar, og vandamálum sem lúta að því hvaða persóna sögunnar hafi raunverulega haft rétt fyrir sér miðað við hina ólíku lagakróka. Enda þótt Hænsna-Þórir hafi ef til vill ákveðinn lagalegan rétt sín megin til að halda fast um sitt hey þá byggist sá réttur á mjög veikum siðferðislegum forsendum í heimi sögunnar. Þess vegna þarf að bæta lögin með hliðstæðri grein og áður var sagt frá í *Jónsbók* og tryggja höfðingjum rétt til að ráðstafa heyi í hörðu ári. Sagan segir einnig frá lagabreytingum sem eiga að tryggja réttlátari málsmeðferð þegar fjórðungaskipaninni er komið á til að menn geti leitað réttar síns að lögum. Þannig má segja að í sögunni komi fram nokkur trú á að lögin geti leyst vandamál sem alltaf verða til og hljótast af skúrkum og ójafnaðarmönnum á borð við Hænsna-Þóri og Tungu-Odd.

Hér má benda á annað viðhorf til laga og ekki síður mikilvægt í sögunni en það lýsir sér í því að einungis höfðingjar eiga þess kost að reka sín mál að lögum. Aðrir þurfa jafnan að leita ásjár þeirra, eins og þegar bændur leita til Blund-Ketils og Hersteinn aflar sér stuðnings Gunnars Hlífarssonar og Þórðar gellis. Hinir lægra settu beita einnig vopnum eins og þegar Hersteinn slátrar Hænsna-Þóri á meðan höfðingjarnir gera út um sín mál og þeirra á friðsamari hátt á alþingi.

Með því að losna undan rannsóknaraðferðum íslenska skólans losnum við líka við þann vanda að gera grein fyrir góðri eða vondri staðfræðipekkingu höfunda. Höfundur *Hænsna-Þóris sögu* hefur fengið heldur bága einkunn í slíkum athugunum því að morguninn eftir brennuna í Örnólfsdal lætur hann Herstein og Þorbjörn stíganda fara í Breiðabólstað að leita liðsinnis Odds, síðan aftur í Örnólfsdal og þá niður að Svignaskarði með allt fé Blund-Ketils í rekstri. Samtals eru þetta rúmlega 40 kílómetrar í beinni loftlínu. Um kvöldið eru Hersteinn og Þorbjörn síðan komnir í Gunnarsstaði við Hvammsfjörð. Staðkunnugum þykir þetta ótrúleg yfirferð og vilja saka höfundinn um ónákvæmni eða vanþekkingu í meðferð söguefnis en líta þá framhjá því einfalda bragði sem hann notar: Að gera Þorbjörn göldróttan, einkum með tilliti til ferðalaga eins og viðurnefnið *stígandi* gefur til kynna. Slíkan mann er hægt að senda um héraðið á hvaða hraða sem er enda er það mikilvægt fyrir framvindu sögunnar að þeir Hersteinn komi á bæi á undan tíðindum af brennu Blund-Ketils.

Fall Helga og dauði Baldurs

Í ljósi goðsagnamynstra vekur fall Helga Arngrímssonar fyrst athygli. Hann verður fyrir ör sem skotið er út í loftið án þess að henni sé ætlað að drepa. Þessi atburður á sér beina hliðstæðu í falli Baldurs hins góða áss. Eins og kunnugt er varð Baldur fyrir óviljaskoti hins blinda Haðar sem Loki fékk til að skjóta mistilteini að Baldri. Einnig má benda á að sagan um að Óðinn hafi hvíslað einhverju í eyra Baldurs á líkbörunum og síðan verið einn til frásagnar um hvað hann sagði minnir á Hænsna-Þóri þegar hann lýtur niður að Helga og þykir nema andlátsorð hans um að brenna Blund-Ketil inni.

Helgi er flekklaus drengur, talsmaður sannleikans og friðarviðleitni og er það hlutverk hans undirstrikað með nafninu *Helgi*. Vegna hliðstæðunnar við dauða Baldurs er eðlilegt að túlka fall Helga í líku ljósi með tilliti til söguheildarinnar. Með honum ferst hið góða í heiminum og

ekki verður aftur snúið fyrr en eftir stórbardaga líkt og í ragnarökum. Rétt er að undirstrika að saklausir menn falla víða í Íslendingasögum og meira að segja fyrir óviljaskotum líkt og hér (sbr. um víg Þiðranda á bls. **XXX** og Mageröy 1991) ósem sýnir hversu sterk þessi hugmynd er og hvað goðsagnamynstrin eru mönnum töm án þess að um beint lán sé að ræða úr einni ákveðinni goðsögu.

Rót illinda og tvískipt bygging að hætti Völuspár

Hænsna-Þórir sjálfur minnir á vandræðagripinn Loka sem er ekki af ætt goða þó að hann búi með þeim órétt eins og Hænsna-Þórir sem er ættlaus og því án virðingar þó að hann eigi nægan auð til að komast til áhrifa. Loki kemur illindum af stað með gerðum sínum. Hann er ábyrgur fyrir mörgu því sem fer úrskeiðis í heimi goða og hrekur þau til illinda sem má jafnan rekja til græðgi og baráttu um gullið. Gullið er einnig undirrót illinda í sögunni af Hænsna-Þóri og má þar vísa til aðferða Hænsna-Þóris sem beitir fjárboðum við að koma ár sinni fyrir borð og kljúfa samstöðu vel ættaðra höfðingja. Auður hans kveikir ágirnd Arngríms sem dregst þannig út í vandræði líkt og Þorvaldur síðar.

Með vígi Helga og brennu Blund-Ketils hverfa hin góðu öfl úr sögunni og vandi þeirra sem eftir lifa er að hemja þau illindi sem hafa losnað úr læðingi og koma einhverju réttlæti á aftur. Eftir brennuna hættir deilan að snúast um Hænsna-Þóri og rétt hans eða annarra bænda til heysins og þar með einhverjar hefndir eftir Blund-Ketil. Deilan verður miklu stærri í sniðum en svo. Tveir héraðshöfðingjar takast á um völdin, Þórður gellir og Tungu-Oddur, og vandamálið beinist að aðferðum við að framfylgja réttlætinu með lögum sem reynast ófullkomin. Í ljósi goðsögunnar má hér minna á byggingu Völuspár sem Haraldur Bessason (1984; 1999) hefur einnig vakið athygli á og felst í því að sögunni fer fram í tveimur heimum. Öll sagan er sögð á goðaplaninu þar sem stóráttökin gerast en jafnframt er með skyndimyndum úr mannheimum sýnt að mennirnir hafast jafnan líkt að og goðin nema hvað þeir eru grófari. Það sem er gefið í skyn um goðin er sagt hreint út um mennina. Þannig er það að þegar fylkingar höfðingjanna mætast á alþingi og liggur við stórbardaga þá eru upphafsmenn deilunnar víðsfjarri og gera út um sín mál með hreinum og umbúðalausum manndrápum í héraði. Á efra plani sögunnar eru átökin á milli höfðingja eða landshluta en á því neðra

kljást einstaklingar. Ólíkt goðsagnaheiminum ferst þó ekki allt í eldi ragnaraka þar sem hinir flekklausu lifa einir af heldur býr maðurinn yfir stjórnþæki laganna sem gerir honum kleift að afstýra stóráttökum.

Önnur hlið á þessum lagaboðskap er sú að ekki er einhlítt að hafa réttlát lög þegar framkvæmdin er háð duttlungum misviturra höfðingja. Í sögunni kemur fram að lög og reglur hafa enga þýðingu nema þeim sé framfylgt af mönnum sem hafa til þess styrk. Í því sambandi má nefna hugmyndir Jesse L. Byock (1982) um að Íslendingasögur séu eins konar kennslurit í málsmeðferð (sbr. einnig það sem sagt var um Havelock 1963 á bls. XX), og fjalli um það hvernig menn leiti réttar síns og hvernig deilur magnist upp þar til höfðingjar taka við þeim, líkt og í *Hænsna-Þóris sögu*. Í sögunni leita menn jafnan ásjár höfðingja í vandræðum sínum og fá þá til að gæta réttlætisins:

1. Örn austmaður verður fyrir yfiringi Tungu-Odds þó að lögin hafi kveðið á um réttláta verðlagsnefnd og því verður Örn að leita til Blund-Ketils.
2. Hænsna-Þórir reynir að hljóta virðingu í samfélaginu í samræmi við auð sinn og kaupir sig þannig inn á Arngrím goða og síðan Þorvald. En peningar koma aldrei neinu góðu til leiðar eins og kunnugt er af goð- og hetjusögum.
3. Landsetar Blund-Ketils stjórnast af nauð og réttlætiskennnd þegar þeir leita ásjár hans í fóðurleysinu.
4. Hersteinn þarf að beita kænsku og göldrum fóstra síns þegar hann leitar ásjár höfðingja í sínu réttlætismáli. Þar stjórnast hinn eiginlegi höfðingi, Tungu-Oddur, af sérhagsmunum því að honum er uppsigað við Blund-Ketil eftir mál Arnar austmanns auk þess sem sonur hans er flæktur í málið sem einn brennumanna.

Sé lögð áhersla á goðsagnamynstur í byggingu *Hænsna-Þóris sögu* verður skýrara hversu markviss heildarbygging hennar er, bæði forleikurinn um Örn austmann og bónorðskaflinn í lokin. Þannig er það vandlega undirbyggt í sögunni að varpa málinu til utanhéraðshöfðingjans Þórðar gellis og knýja Herstein til að leita út fyrir héraðið með því að skapa fjandskap milli Blund-Ketils og Tungu-Odds vegna mála Arnar austmanns. Jafnframt kallar sá fjandskapur á sérstaka lausn þegar gert hefur verið út um brennumálin. Og sú lausn fæst eftir þingfund stórhöfðingjanna með giftingu Þórodds Tungu-Oddssonar og Jófríðar

dóttur Gunnars Hlífarssonar sem bjó í Örnólfsdal og hafði húsað upp með viði Arnar. Upphaf og endir sögunnar eru því nauðsynlegur hluti hennar og skýra heildaratburðarásina; mynda spennu á milli manna til að koma sögunni upp á höfðingjaplanið og sýna hvernig endanlegar sættir eru innsiglaðar.

Niðurstöður

Með því að tengja *Hænsna-Póris sögu* með ofangreindum hætti við hefðina er engin afstaða tekin til þeirra vandamála sem snerta heimildanotkun -höfundarø og tengsl textans við gerðir *Landnámu* ô nema sú ein að hafna þeim vandámalum sem mögulegum rannsóknarverkefnum með tiltækum aðferðum. Það er heldur ekki reynt að halda fram munnlegum uppruna sögunnar með því að fella hana að dæmigerðri munnlegri sögubýggingu eða leita uppi eitthvað sem menn telja vera dæmigerð frásagnarbrögð úr munnlegri sagnalist. Slíkt er ógerlegt vegna þess að Íslendingasögur eru ritaðar bókmenntir en ekki skráðar munnlegar sögur. Hins vegar er gengið út frá þeirri forsendu að söguefnið hafi verið vel þekkt í munnmælum og að sagan sé ætluð áheyrendum sem höfðu goðsögur og alla sagnahefðina á valdi sínu og því verði að lesa hana í samhengi við þá hefð til að einhver skynsamlegur skilningur fáiast.

Hænsna-Póris saga beitir líkindum við goðsögur til að draga fram og leggja áherslu á mikilvæga atburði. Jafnframt deilir hún á ójafnaðarmenn, ófullkomin lög og réttarkerfi sem stjórnast ekki af réttlætinu heldur pólitískum styrk og klókindum manna. Vel má hugsa sér að þetta tengist draumum manna í ólgu Sturlungaaldar um sterkt ríkisvald eða miðstýringu sem sé fær um að framfylgja réttlæti og viðhalda friði án þess að persónubrestir og sérhagsmunir komi þar við sögu og að menn séu upp á miskunn einstakra höfðingja komnir hvort þeir hafi styrk til að leita réttar síns. En þar sem lög og reglur duga aldrei til að koma böndum á mannlegt eðli er ástinni bætt við í lokin til að hemja ójafnað mannanna.